

EYSTRAHORN

18.tbl. 41. árgangur

18.maí 2023

www.eystrahorn.is



SOLANDER 250 Í SVAVARSSAFNI

Sýningin Solander 250: Bréf frá Íslandi verður opnuð í Svavarssafni laugardaginn 20. maí klukkan fjögur. Undanfarna mánuði hefur þessi sýning farið á milli safna á Íslandi, fyrsti viðkomustaður var Hafnarborg í Hafnarfirði, en síðan þá hefur hún farið um allt land, til Vestmannaeyja, Egilsstaða, Ísafjarðar og Akureyrar svo nokkrir staðir séu nefndir, og er nú loks komin til Hornafjarðar. Kveikjan að sýningunni er sú staðreynd að nú eru um 250 ár liðin frá einum fyrsta erlenda vísindaleiðangrinum til Íslands, 1772. Tíu íslenskir grafíklistamenn, þau Anna Línal, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Daði

Guðbjörnsson, Gíslína Dögg Bjarkadóttir, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Iréne Jensen, Laura Valentino, Soffía Sæmundsdóttir, Valgerður Björnsdóttir og Viktor Hannesson, túlka á sýningunni þetta ferðalag og þær breytingar sem hafa átt sér stað á landi og þjóð síðan það átti sér stað.

Með í þeirri för var einn af lærisveinum hins heimsþekktu sænska náttúruvísindamanns Carl von Linné, sænski náttúrufræðingurinn Daniel Solander. Solander og félagar skrásettu ýmislegt um náttúru Íslands, menningu, siði og klæðaburð, margt af því í fyrsta

sinn á vísindalegan hátt.

Með verkum íslensku grafíklistamanna verða verk úr sýningunni Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy einnig. Þar sýna 10 listamenn frá Kyrrahafssvæðinu, en Solander var í áhöfn HMS Endeavour í fyrstu ferð Evrópumanna til Ástralíu. Sýningin hefur áður verið sett upp á Nýja Sjálandi, í Ástralíu og Svíþjóð. Sýningarnar tvær mynda því einstakt samtal Norðurskautsins og Kyrrahafsins í gegnum ferðir Daniel Solanders.

Sýningarnar tvær eru samstarfsverkefni Sendiráðs Svíþjóðar á Íslandi og félagsins Íslensk grafík.

Velkomin á opnun næsta laugardag 20. maí klukkan 16:00.

Welcome to the opening next Saturday 20th of May at 16:00.

Zapraszamy na otwarcie wystawy w najbliższą sobotę, 20 maja o godzinie 16.00.

Solander 250: Bréf frá Íslandi

20.05. - 17.06.2023



Embassy of Sweden



SVAVARSSAFN
LISTASAFN - ART MUSEUM

Svavarssafn - Svavar Guðnason Art Museum - Hafnarbraut 27 - 780 Höfn í Hornafirði

HVER VAR ÞESSI SOLANDER EIGINLEGA?



Daniel Solander var sænskur náttúrufræðingur sem bjó mestalla ævi sína í Bretlandi, en ferðaðist um Kyrrahafið og Norður-Atlantshafið og safnaði plöntum og skrásetti hjá sér allar upplýsingar um náttúruna á þeim stöðum sem hann heimsótti. Solander fæddist 1733, í Piteå í Norður-Svíþjóð, sem þá rétt eins og nú var pínulítið þorp. Á þeim tíma voru um það bil tíu ár síðan rússneski herinn hafði lagt þorpið í rúst í einu af þeim mörgu átökum sem Svíar og Rússar háðu á átjándu öld, en fjölskylda Solanders var engu að síður sæmilega efnuð og Carl Solander faðir hans bæði þingmaður í Rigsdagen, skólastjóri og prestur. Árið 1750, var hinn sautján ára gamli Daniel sendur til Uppsala að læra lögfræði og tungumál. Hann átti ekki langt að sækja það því föðurbróðir hans og nafni Daniel Solander var prófessor í lögfræði.

Það voru þó náttúruvísindin og sér í lagi grasfræðin sem áttu eftir að liggja fyrir unga manninum. Á þessum tíma var Carl Linneus við háskólann í Uppsölum og var að leggja grunninn að nútíma flokkunarfræði lífvera. Það flokkunarkerfi sem hann vann að breiddist út um allan heim þökk sé lærisveinum sem hann sendi út til að kanna heiminn, og með hjálp frá Carl fékk Daniel leyfi föður síns til að snúa baki við lögfræðinni og hella sér út í náttúruvísindin. Eftir tvö ár í námi við háskólann í Uppsölum hélt Daniel svo í sinn fyrsta leiðangur sem fólst í því að snúa aftur á heimaslóðirnar í Norður-Svíþjóð og skrásetja upplýsingar um lífríkið þar. Stuttu síðar reyndi Linneus að koma lærisveini sínum í stöðu við háskólann í St. Pétersborg, en úr því varð ekki, því Daniel kaus frekar að halda til Bretlands.

Fyrsti Svíinn til að fara kringum jörðina

Það sem eftir var ævi sinnar vann Daniel Solander við British Museum undir náttúrufræðingnum Joseph Banks, en það þýðir þó ekki að hann hafi setið við skrifborð allan daginn. Solander er í dag fyrst og fremst minnst fyrir Kyrrahafsleiðangra sína, sem hann fór um borð í skipi James Cook 1768. Þá heimsótti hann bæði Ástralíu og Nýja Sjáland, og er líklega fyrsti háskólamenntaði maðurinn til að stíga fót í Ástralíu. Botanist Bay í Sidney hlaut nafn sitt af starfsemi Solander, sem og Solander-eyjarnar. Þökk sé þessu starfi Solander voru ótal margar nýjar plöntur skrásettar, en þess má einnig geta að með þessari ferð tókst Daniel að verða fyrsti Svíinn til að fara hringinn í kringum jörðina. Þessi leiðangur undir stjórn James Cook, sem varði þrjú ár, var líka fyrsta hringferðin um hnöttinn þar sem enginn í áhöfn dó úr skyrbjúg. Daniel Solander sat ekki lengi við skrifborð sitt eftir að hann kom til baka úr þessari ferð því að ári síðar 1772 hélt hann í leiðangur um Norður-Atlantshafið og heimsótti Suðureyjar, Orkneyjar og að lokum Ísland. Þetta ár er stórt ár í vísindasögu Íslands, því auk þess að fá fyrsta vísindaleiðangur Englendinga til Íslands, þá ferðabók Eggerts og Bjarna út sama ár.

Af hverju Ísland?

Samt var það tilviljun að ferðin lá til Íslands. Könnunarleiðangurinn var skipulagður af Joseph Banks, en Kyrrahafsleiðangurinn sem hann fór með þeim Solander og Cook hafði gengið svo vel að hann hugðist endurtaka leikinn, enda var einungis búið að kanna brot af þessu stærsta hafi heimsins. Banks var þó ekki til í að láta bjóða sér hvað sem er, og þegar hann sá skipið sem átti að sigla með hann yfir á hinn enda heimsins þá sagði hann hingað og ekki lengra. Hann þurfti gott rúm og rúmgóða vinnuástöðu, og hafði ekki í hyggju að setta sig við svona þröngan kost í nokkur ár. En Banks gat ekki hætt við leiðangurinn algerlega. Hann var búinn að skrifa undir samninga við teiknara, aðstoðarfólk og vísindamenn, svo hann ákvað að í stað þess að reyna að finna óþekktar eyjar í Kyrrahafinu, skyldu þeir kanna frekar eyjar í Norður Atlantshafinu. Það yrði styttra og þægilegra ferðalag, en meginmarkmið þess var að skoða Heklu. (Leiðangursmenn urðu þó ekki fyrstir upp á Heklu, heldur voru Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson búnir að fara á undan þeim).

Leiðangurinn kom að landi í Hafnarfirði 29. ágúst, en það hljóta að hafa verið nokkur vonbrigði fyrir Solander hversu seint á árinu ferðin átti sér stað, því september og október eru ekki bestu mánuðirnir til að safna plöntum. En Íslendingar nutu góðs af heimsókninni engu að síður. Joseph Banks hélt af miklu örlæti veislur fyrir íslensk fyrirmenni þar sem franskur kokkur eldaði ofan í fólk og þar að auki var boðið upp á fleiri en eina vintegund. (Sem Íslendingum þótti merkilegt). Auk þess gaf Banks silfurbúna rakhnífa og úr, meðan aðrir leiðangursmenn útteildu skinkum í skiptum fyrir rófur.

Sauðasteik og hvalrengi

Til er mættill úr einni af veislunum sem haldin var í kringum þennan leiðangur. Það var landlæknirinn, og fyrsti læknismenntaði Íslendingurinn, Bjarni Pálsson (sem er sami Bjarni og kleif Heklu og gaf út ferðabókina með Eggerti), bauð Banks, Solander og öðrum fyrirmönnum heim til sín í Nesstofu á Seltjarnarnesi. Þar var staupað með dönsku brennivíni, flatkökur með osti og súru smjöri, bitaður harðfiskur, sauðakjötssteik, kjötsúpa með sýru og loks silungur með laufabrauði, borin fram. Einungis undir lok máltíðar þegar gestgjafinn lét sækja hvalrengi og hákarl afþökkuðu gestirnir kræsingarnar.

Þess má geta að þessi heimsókn Banks og Solander hafði viðtækar afleiðingar á Íslandssögun. Þökk sé henni þekktust Joseph Banks og Magnús Stephensen stiftamtmaður, en sá síðarnefndi átti eftir að skrifa Banks nokkrum áratugum síðar í miðjum Napóleónsstríðunum og óska eftir því að Englendingar sendu verslunarleiðangur norður. Joseph Banks sem var mikill Íslandsvinur eftir heimsóknina, var nú ráðgjafi konungs, og gat komið þessu í kring, með þeim afleiðingum að verslunarleiðangur með tülkinum Jörgen Jörgensen, betur þekktum sem Jörundur Hundadagakonungur, fór til Íslands.

Daniel Solander lést 1782, um tíu árum eftir Íslandsheimsóknina. Áhrifa hans gætir enn í rannsóknarstarfi, enda átti hann mikinn þátt í að kynna flokkunarkerfi Linneusar fyrir hinum enskumælandi heimi, og fann upp Solanderboxið svokallaða, sem notað er á skjalasöfnum enn í dag, en því miður sökum þess hve mikið af rannsóknum hans voru óútgefna þegar hann lést hefur hann fallið í skuggann á öðrum samtímamönnum sínum.



SIJÓMANNADAGSBALL Á HÖFN

STJÓRNIN

SÉRSTAKUR GESTUR **STEFÁN HILMARSSON**

LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 3. JÚNÍ Í ÍÞRÓTTAHÚSINU

**HÚSIÐ OPNAÐ 19:30,
BORÐHALD HEFST 20:00**

Forréttir - Smaréttir

Kóngarækja - Eggjabrauð með parmaskinku
Andalæraconfit - Bleikjutartar - Ristað brioche

Aðalréttur -Steikarborð

Nautalund í trufflumarineringu - Kalkúnabringa - Lambabógur
Bakaðar kartöflur - Rauðrófusalat - Fleira gómsætt meðlæti

Eftirréttir - Smaréttir

Súkkulaðitruffla - Brownies með saltkaramellu - Möndlukaka

Miðaverð á mat, skemmtun og dansleik 16.900 kr

Miðapantanir eru til hádegis þriðjudaginn 30. maí hjá Ástu Steinunni í síma 470-8145 á vinnutíma eða á sjomannadagsradhornafjardar@gmail.com

Miðaverð á dansleik í forsölu 5.000 kr

Forsalan á dansleik er einnig hjá Ástu til hádegis fimmtudaginn 1. júní

Miðaverð við hurð 6.000 kr



BJARNANESKIRKJA VIÐ LAXÁ ENDURGERÐ



Ragnar Imsland og Hjalti Egilsson

Það eru margir sem sakna Bjarnaneskirkju við Laxá enda var þetta glæsileg kirkja sem stóð á fallegum stað í Nesjum, og eiga þar margir góðar minningar. Á dögunum var Bjarnanessókn færð kirkjan endurbyggð að gjöf í formi líkans. Þúsundþjalasmiðurinn Ragnar Imsland sá um smíðina, allt frá girðingarstaurum að kirkjuklukkunni sem hangir í turni kirkjunnar. Þetta er sannkölluð listasmíð, eða eins og Hjalti Egilsson formaður sóknarnefndar sagði við afhendinguna: „Þetta er ekki bara líkan, þetta er listaverk.“

Kirkjan er 90 sentimetrar að lengd og 43 að breidd. Það hefur svo sannarlega verið vandað til verka eins og Ragnari er von og vísa, og reyndi hann eftir bestu getu að hafa þetta sem líkast gömlu kirkjunni og hægt var. Það þýddi að legið var yfir gömlum myndum því ekki voru til neinar almennilegar teikningar af kirkjunni. Verkið tók um fjóra mánuði og lauk með því að hann afhenti sóknarnefndinni kirkjuna. Ragnar útbjóg kirkjuna þannig að hægt er að koma fyrir lýsingu og innanstokksmunum sem hugsanlega

koma einhvern tímann í framtíðinni.

Á heimasíðu Bjarnanesprestakalls segir meðal um kirkjuna:

Einar Erlendsson teiknaði Bjarnaneskirkju eftir hugmynd Rögvalds Ólafssonar. Yfirsmiður kirkjunnar var Jens Eyjólfsson. Kirkjan við Laxá var byggð úr steypu og með kjallara undir. Kirkjan var vígð árið 1911. Var kjallarinn notaður til samkomuhalds og mannfunda allt til ársins 1952. Enn í dag eru menn og konur að minnast á böllin og skemmtanirnar sem haldin voru í kjallaranum.

Bjarnaneskirkja við Laxá var á sínum tíma hið veglegasta hús. Það var að tilstuðlan kvenna í Nesjunum að stór og vegleg altaríafla var sett í kirkjuna árið 1922, sem gerð var af Jóni Þorleifssyni frá Hólum í Nesjum.

Almenn ánægja var með kirkjuna en fljótlega fór að bera á stórfelldum smíðagöllum. Steypan í kirkjunni var vond og auk þess lak turninn. Kirkjan var að mestu leyti endurbyggð á árunum 1922 – 1924. Það var svo árið 1956 að fulltrúi



Bjarnaneskirkja eftir Ragnar Imsland



Bjarnaneskirkja.

Mynd/Þjóðminjasafn Íslands

húsasmíðameistara ríkisins lýsti því yfir að kirkjan væri varla hæf til viðgerðar. Kirkjan var rifin 1973.

Sóknarnefnd þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu listamanninn við gerð líkansins.

Sóknarprestar:

Séra Benedikt Eyjólfsson 1906 – 1913

Séra Þórður Oddgeirsson 1914 – 1918

Séra Ólafur Stephensen 1919 – 1930

Séra Eiríkur Helgason 1931 – 1954


Séra Rögvaldur Finnbogason 1954 – 1959

Séra Skarphéðinn Pétursson 1959 – 1974
(<http://www.bjarnanesprestakall.is>)

Hægt verður að skoða kirkjuna í Ekrú við Víkurbraut á meðan fundinn verður góður staður fyrir hana í Bjarnaneskirkju þar sem hún mun verða einn af dýrgripum kirkjunnar.

Róðrakeppni 2023

Laugardaginn 3. júní verður haldin hin árlega róðrakeppni í tilefni sjómannaþingsins.



7 keppendur í hverju liði.

Hvetjum sem flesta til að taka þátt.

Skráning liða er hjá Hannesi í síma: 896-1743 eða hannesjonsson67@gmail.com



FERÐAMÁLAFÉLAG
HEITIR: ORAÐTALINGAÞEYLA

Vöxtur í ferðaþjónustu framundan - Hvert stefnum við ?

FASK boðar til félagsfundar um málefni sem tengjast ferðaþjónustu þriðjudaginn 23. Maí n.k kl. 17:00 - 18:00 í Nýheimum.

Á fundinum viljum við ræða þær áskoranir sem ferðaþjónustan og samfélagið standa frammi fyrir á næstu árum m.t.t spá um fjölgun ferðamanna til Íslands. Hver eru helstu leiðarljós sem við eigum að leggja áherslu á þegar kemur að stefnumörkun um málefni ferðaþjónustu og samfélagsþróunar.

F.h stjórnar FASK

Haukur Ingi Einarsson

Nám í FAS

Við viljum vekja athygli á því að innritun nýnema úr 10. bekk lýkur 8. júní.

Skóli án lokaprófa

Fjölbreytt nám

Aðstoð við námsferilsgerð

Gott stuðningsnet



Nýheimum | 780 Höfn | Sími 470 807 | www.fas.is

Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn í Hornafirði óskar eftir að ráða móttökuritari í sumarafleysingu.



Vilt þú starfa á framúrskarandi vinnustað í sumar?

Um er að ræða störf með góðum hópi á öflugri heilsugæslustöð HSU á Höfn í Hornafirði.

Móttökuritari - sumarafleysing á Höfn í Hornafirði tímabilið 5. júní - 8. júlí n.k.

- Laust er til umsóknar starf móttökuritara í 5 vikur í sumar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Hornafirði.
- Tímabil ráðningar er frá 5. júní til 8. júlí 2023.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka, afgreiðsla og samskipti við skjólstæðinga
- Símsvörun, ýmiss konar umsýsla og skráning gagna auk samskipta við aðrar deildir HSU

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskilegt
- Starfið krefst hæfni og lipurðar í samskiptum, trúmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum
- Viðkomandi þarf að hafa góð tök á vinnu við tölvur
- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli og geta átt góð tjáskipti á ensku.

Frekari upplýsingar um starfið veitir

Ester Þorvaldsdóttir hjúkrunarstjóri heilsugæslu HSU Höfn.

ester.thorvaldsdottir@hsu.is

sími: 4322900



Við leitum að öflugum hóteltjóra á Hótel Jökull í Hornafirði í heilsársstarf.

Hóteltjóri skipulegur og stýrir daglegum rekstri hótelsins þ.á.m. gestamóttöku, bókunum, veitingastað, þrifum, viðhaldi fasteignar og mannaúðsmálum. Hóteltjóri vinnur að sölu og markaðsmálum. Hóteltjóri leiðir hóp starfsmanna og ber ábyrgð á hagkvæmum rekstri með velferð og ánægju starfsmanna og gesta að leiðarljósi. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfinu fylgir húsnæði fyrir hóteltjóra.

Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Afbragðs færni í samskiptum, jákvætt viðmót og rík þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæði, nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Fjármálalæsi og greiningarhæfni
- Góð kerfis- og tölvukunnátta, þekking á Navison og GoDo er kostur.
- Góð ensku- og íslenskukunnátta.

Ábyrgð

- Fagleg stjórnun, leiðsögn, samræming og þróun starfsmanna
- Fjármál og rekstur hótelsins
- Umsjón með innkaupum og birgðahaldi
- Samskipti við viðskiptavinum
- Rekstur og viðhald fasteignar
- Vinna að þróun og stefnu hótelsins í samráði við eigendur.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi til Hjálta Þórs Vignissonar, á hjalti@stormar.is. Óskir um nánnari upplýsingar sendist á hjalti@stormar.is eða í síma 822-7950.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2023.

Hótel Jökull er staðsett í Hornafirði í um 8 km vestur af Höfn. Í boði eru fjölbreytt herbergi í fallegu og rólegu umhverfi. Rúmgóður veitingastaður er á hótelinu. Einstök náttúrufegurð og margar útivistarperlur eru í næsta nágrenni hótelsins. Sjá nánar á hoteljokull.is



ÁRSREIKNINGUR SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR 2022 - STAÐAN HJÁ OKKUR ER GÓÐ



Ársreikningur Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir árið 2022 sýnir jákvæða afkomu og sterka stöðu sveitarsjóðs. Afkoma A-hluta var jákvæð um 218 milljónir króna og í A- og B-hluta var niðurstaðan jákvæð um 232 milljónir króna. Eigið fé í árslok 2022 í A- og B-hluta nam 5.709 milljónum króna og var 4.984 milljónir króna í A-hluta. Í sinni einföldustu mynd er A-hluti sá hluti sveitarsjóðs sem er aðalsjóður og fjármagnaður með skatttekjum en B-hluti aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélags og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Veltufé frá rekstri styrkist á milli ára
Veltufé frá rekstri B-hluta var 626 milljónir króna og 467 milljónir króna í A-hluta. Þetta er aukning frá fyrra ári og sýnir að sveitarfélagið er vel í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar og hefur aukið bolmagn til fjárfestinga.

Útsvar sem hlutfall af tekjum hækkar á milli ára

Það er ánægjulegt að sjá að hlutfall útsvars í tekjum okkar er að hækka. Það er nú 56,5% og hækkar um 2% á milli ára. Þetta eykur okkar sjálfbærni og rekstrarhagkvæmni, en gefur líka vísbendingu um stöðugt aukin styrk atvinnulífsins hér í Hornafirði.

Lágt skuldahlutfall en of lítið framkvæmt á síðasta ári

Skuldahlutfall A- og B-hluta var í árslok 2022 er 65% og er langt undir viðmiðunareglu um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga sem er að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Á síðasta ári var sveitarsjóður rekinn án lántöku sem er gott, en á móti voru framkvæmdir sveitarfélagsins líka með minnsta móti og skýrir það einnig niðurstöðuna.

Metnaðarfull fjárfestingaráætlun þessa árs

Í áætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 238 milljónir króna í A- og B-hluta og að skuldahlutfall hækki í 74% en það var 71% árið 2021. Afar umfangsmiklar framkvæmdir eru áætlaðar á árinu hjá sveitarfélaginu. Þar má nefna viðbyggingu við leikskólann, fjórða áfanga fráveitunnar, nýja slökkvibífið að ógleymdum framkvæmdum við nýtt hjúkrunarheimili þar sem heildarkostnaður verður um 500 milljónir króna á framkvæmdatímanum.

Mikil uppbygging og björt framtíð

Á heildina lítið sýnir ársreikningur fyrir árið 2022 að Sveitarfélagið Hornafjörður er í sterkri stöðu. Veltufé frá rekstri hefur aukist, hlutfall útsvars í tekjum sveitarfélagsins hækkar og skuldahlutfall er langt undir viðmiðunarmörkum. Góður rekstur fellur ekki af himnum ofan og það gerir slæmur rekstur ekki heldur. Atvinnulífið hér í Hornafirði blómstrar og um leið blómstrar mannlífið. Mikil uppbygging er í kortunum og framtíðin brosir við okkur.

Áfram Hornafjörður!
Sigurjón Andrésson bæjarstjóri

VORPRÓFUM HÁSKÓLANEMA LOKIÐ Í NÝHEIMUM

Nú sem fyrr hefur fjöldi háskólanema þreytt lokapróf sinna háskóla í Nýheimum en þekkingarsetrið hefur haldið utan um prófaþjónustu fyrir alla háskóla landsins, að listaháskólanum undanskildum. Er þetta sjötti veturinn sem setrið sinnir þessu verkefni en einnig bjóðum við álíka þjónustu til sí- og endurmenntunarmiðstöðva sem og

erlendra háskóla í samstarfi við þá, sé þess óskað.

Á vorönn 2023 hefur 21 háskólanemi tekið samtals 55 próf en á næstu dögum fara fram upptökupróf háskólanna. Aldrei fyrr hafa jafn margir setið anna- og lokapróf háskólanna í Nýheimum, á síðustu önn voru prófin 51 og 49 haustið 2019 en þau voru talsvert færri í COVID vegna breytts

námsfyrirkomulags háskólanna, þ.e. aukin verkefnaskil og heimapróf.

Við fögnum því að háskólanemar nýti sér aðstöðuna sem í boði er í Nýheimum og sjái hag í því að taka próf sín í heimabyggð. Að endingu hvetjum við aðra háskólanema til að kynna sér lesaðstöðu og prófaþjónustu sem í boði er í Nýheimum.

Gleðilegt sumar, háskólanemar



SUNDLAUG HORNAFJARÐAR Sumaropnun/uppstigningardagur

Viljum minna á sumaropnun hjá Sundlaug
Hornafjarðar er frá 15. maí til 30. september.

Uppstigningardag fimmtudaginn 18. maí
er opið frá kl.10:00 til 19:00

Mánudaga til föstudaga 06:45 - 21:00
Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 19:00

Starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar



Samræður um heilbrigðismál – öll velkomin!

Kaffi Hornið á Höfn
föstudaginn 19. maí – kl. 12:00



Auglýsing um íbúakosningu 12.5.2023

Auglýsing um íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar í
Innbæ sem samþykkt var af bæjarstjórn 27. apríl.

Íbúakosningin mun fara fram frá 19. júní - 10. júlí. Kosningin mun fara fram í
Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Kosið verður um hvort íbúar vilji að samþykkt aðal- og deiliskipulag um þéttingu
byggðar í Innbæ, haldi gildi sínu eða ekki.

Spurningin mun hljóða á þennan hátt:

**Samþykkir þú að breyting á aðal- og deiliskipulagi um þéttingu byggðar í Innbæ
Hafnar haldi gildi sínu? Já/Nei.**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu íbúakosninga er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn, skv.
107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarfélagið verður ein kjördeild og kjörstaður verður í Ráðhúsinu og hafa allir
kosningabærir íbúar sveitarfélagsins, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu
kosningarétt í íbúakosningunni skv. 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Nánari upplýsingar og kynningargögn er hægt að nálgast á heimasíðu
sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir stjórnvísla/skipulagsmál.

Öll umgjörð og framkvæmd íbúakosningarinnar er samkvæmt kosningalögum nr.
112/2021, sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, reglugerð um íbúakosningar
sveitarfélaga og reglum sveitarfélagsins um íbúakosningu. Þeir einu sem hafa
kosningarétt eru á kjörskrá og hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði kl 12:00
þann 12. maí 2023 og eru eldri en 16. ára.

Yfirkjörstjórn og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Skjólgarður óskar eftir sumarstarfsfólki!

Langar þig að vinna í góðum félagsskap og gefandi
starfsumhverfi þar sem þú tekur ríkan þátt í daglegu lífi
aldrára?

Við erum reglulega að leita að kröftugu og skemmtilegu fólki í fjölbreytt
störf á Skjólgarði. Starfið felur í sér umönnun okkar heldri íbúa sem hafa
byggt upp landið okkar og eiga ekkert skilið betri en topp aðhlyningu,
kærleika og góða nærveru.

Við erum að leita að:

- Hjúkrunarfræðingum
- Starfsmönnum í umönnun aldrára

Um vaktavinnu er að ræða. Starfshlutfall eftir samkomulagi, getur
hentað sem aukavinna. Allar upplýsingar veitir Jóhanna S.
Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, í síma 855-2305 eða á
netfangið johanna@skjolgardur.is. Umsókn sendist á netfangið
skjolgardur@skjolgardur.is.





MÁLFRÍÐUR MALAR

Jiii í dag ætla ég að hrósa, það gerist ekkert mjög oft en ef einhver á það skilið þá hrósa ég svona endrum og eins. Ég ætla að hrósa þessari smörtu umgjörð eða hönnun við ráðhúsið. Þetta er ekkert smá smart þessi hellulögn og ekki skemmir upphækkuð göngubrautin og með þessum sniðugu takka hellum! Það var kominn tími á það að þarna kæmi göngubraut. Eina sem ég er kannski smá stressuð yfir, er ef á að troða einhverjum gras lufsum í þessi smörtu þríhyrndu beð þarna sem appelsínugulu og hvítu keilurnar standa ofaní. Það yrði alveg ömurleg framkvæmd ef af því yrði og heildarlúkkið yrði ekki eins smart og þá þyrfti ég eða einhver annar að setja útá það. Skoðum bara eldri hellulagnarkantana við Hafnarbrautina þar sem gulnað grasið er alls staðar komið

á milli og er mjög deprimerandi svona sérstaklega yfir haust mánuðina sem eru sirka 9 mánuðir á ári. Það væri kannski bót á gulnaðri ásýnd ef við myndum apa upp eftir kananum flottri hugmynd, en þeir spreya sko ljóta gulnaða grasið „grænt“! Svo syngja þeir: Allt sem er grænt, grænt finnst mér vera fallegt eða ég held það, að minnsta kosti.

Svo er það önnur hugmynd sem ætti kannski að koma á framfæri til þeirra sem hanna eða teikna upp götur og gangstéttar hér að ef þeir/þær/pau/ og allt hitt vilja endilega hafa eitthvað grænt í heilarmyndinni þá má alveg benda manneskjunum á það að það er hægt að fá litaðar grænar hellur ef það er möst að hafa grænt með þessu rauða og gráa.

Málfríður

LOKAMETRAR PEAK VERKEFNISINS



þátt í vinnufundinum í gegnum netið.

Gestirnir dreifðu sér á milli nokkurra af okkar góðu gististöðum meðan á dvöl þeirra stóð. Þeir unnu sína vinnu í FAS, nærðu sig m.a. hjá Lindu í mötuneyti skólans og kynntu sér starfsemi Nýheima og Vöruhússins þar sem Fab Lab-ið vakti mikla lukku. Þeir fengu auk þess stutta söguferð um bæinn og litu inn á bæði Pakkhúsið og Ottó. Gestunum fannst við búa mjög vel að öllu leyti og sérstaklega fannst þeim magnað að við hefðum svona glæsilega Fab Lab starfsstöð í okkar litla samfélagi.

Í síðustu viku lauk tveggja daga vinnufundi samstarfsaðila FAS í Erasmus+ nýsköpunarverkefninu New Hights for Youth Entrepreneurs – PEAK. Markmið verkefnisins er að vinna námsefni fyrir bæði leiðbeinendur og kennara ungra frumkvöðla í fjallahéruðum og dreifðum byggðum, sem og fyrir frumkvöðlana sjálfa. Verkefnavinna sem þessi er liður í starfi FAS við að efla og hlúa að almennri menntun í nærsamfélagi sínu.

Það líður senn að lokum PEAK verkefnisins sem hefur staðið yfir í rúmlega þrjú ár, en því lýkur formlega 31. júlí n.k. Þessi fundur var sá síðasti þar sem samstarfsaðilarnir hittast í raunheimum en þeir sem mættu til Hafnar komu frá Skotlandi, Ítalíu og Grikklandi. Auk ferðalanganna tóku samstarfsaðilar frá Grikklandi, Írlandi og Norður-Írlandi

Afurðir PEAK verkefnisins eru teknar að birtast á heimasíðu þess; <https://www.peakentrepreneurs.eu/> og eru allir hvattir til að líta þangað inn og kynna sér áhugavert stuðningsefni fyrir fjóða einstaklinga sem áhuga hafa á nýsköpun og frumkvöðlavinnu. Síðan er í vinnslu enn meira efni og mun bætast inn á hana á komandi vikum. Auk heimasíðunnar er PEAK verkefnið einnig á samfélagsmiðlum en þeir eru einnig í vinnslu á þessari stundu:

YouTube: <https://www.youtube.com/@peakentrepreneurs2892/videos>

TikTok: <https://www.tiktok.com/@peakentrepreneurs>

Instagram: <https://www.instagram.com/peak.entrepreneurs/>

Facebook: <https://www.facebook.com/PeakEntrepreneurs>

Í verkefninu segja ungir frumkvöðlar allra samstarfslandanna m.a. frá sinni reynslu af því að fá hugmyndir að atvinnuöguleikum og að hrinda þeim í framkvæmd. Saga þeirra birtist í stuttum myndböndum á heimasíðunni. Lesendur þessarar fréttar gætu verið sérstaklega áhugasamir að kynna sér hvað íslensku frumkvöðlarnir höfðu að segja, en myndböndin þeirra er að finna hér (<https://www.peakentrepreneurs.eu/youth-entrepreneurs-video-showcase/#iceland>) Kynningarráðstefna verður haldin í Nýheimum í lok júní þar sem verkefnið verður kynnt formlega og sumt af efni þess prufukeyrt. Er það von undirritaðrar að sem flestir mæti á þá ráðstefnu og taki þátt. Nánari tímasetning verður auglýst síðar.


Verkefnastjóri PEAK á Íslandi, Hulda L. Hauksdóttir



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Lasagna *eftir Ragnar M Þorsteinsson*

g þakka bróður mínum Einari fyrir skorunina. g kvað að velja uppskrift sem er við hæfi við allskonar tilefni. Lasagna er ansi vinsæll réttur en þessa uppskrift grp g oft í ef bjóða á fólki í mat og e.t.v. ekki mikill tími til undirbúnings. Uppskriftin er harla einföld en lykilatríði hér er gott hráefni. g nota t.d. alltaf ferskar lasagna plötur og ferskan mozzarella en mér finnst það gera gæfumun. Ítalska kryddið sem g nota fæst að vísu í Krónunni og ef það fæst ekki í Nettó þá má að sjálfsögðu skipta því út fyrir annað krydd. g mæli með því að fólk næli sér í þetta krydd því það hentar með hinum ýmsu Ítölsku réttum. g vil skora á næsta bróðurinn af Mánabrautinni Braga Fannar Þorsteinsson. Honum er margt til lista lagt í eldhúsinu og mun vart verða vandkvæða að galdra fram uppskrift í blaðið.



Innihald

3 hvítlaugsgeirar
1 laukur
4-6 afhýddar gulrætur fer eftir stærð
2 sellerí stiklar
500 grömm nautahakk
Góð rauðvínsflaska t.d. Chianti. Glas fer út í kjötsósuna rest er til að njóta með
Hakkaðir tómatar í dós (með t.d. basil bragði)
2 msk. tómat purré
1 krukka tómat passata
1 teningur Kjúklingakrafur (teningur)
Ítalskt krydd, (sjá mynd) ef það er ekki til þá basil, oreganó og steinselja
Ferskar lasagnaplötur (þetta er lykil hráefni)
1 dós kotasæla
1 askja kirsuberja tómatar
1 þakning ferskar mozzarella kúlor (g nota litlu kúlurnar með Basil bragði).
Ferskur parmesan ostur
Hvítlaugsbrauð

Aðferð

1. Byrjið á því að skera smátt niður hvítlaugsgeira, lauk, gulrætur og sellerí
2. Steikið grænmetið og kryddið með salt og pipar. Passa að steikja ekki of lengi
3. Bætið hakkinu við og steikið með. Kryddið aftur með ítalska kryddinu (sjá mynd)
4. Glasi af rauðvíni bætt við þegar hakkið er gegneldað og steikið (sjóðið) niður
5. Hökkuðum tómotum, tómat purré og tómat passata bætt út í ásamt tening af kjúklingakrafti. Steikt í ca. 5 mín á háum hita eftir það lækkað niður og leyft að malla vel og lengi. g leyfi þessu að malla í um 20-30 mín. Því lengur því meira bragð
6. Smyrjið eldfast form
7. Síðan er hafist handa við að raða saman. Röðin hj mér eftirfarandi: Hakk (kjötsósan) – kotasæla – lasagna plötur. Hakk sett neðst kotasæla dreift í skömmtum (ekki of mikið), lasagna plötur settar ofaná. Ferlið endurtekið þar til kjötsósan er búin (g næ yfirleitt 3 hæðum.
8. Mozarellakúlor og tómatar skornir í tvennt.
9. Ofan á efstu hæð af kjötsósu er kirsuberjatómötum og mozzarella kúlum raðað.
10. Bakað í ofni við 180° í 30 mín

Borið fram með hvítlaugsbrauði og er það bakað í ofni eftir leiðbeiningum. Lykilatriði að bera fram með ferskum parmesan osti en hann er rifinn ofaná. Njótið.

Ítalskt krydd.

SPURNING VIKUNNAR

Ætlar þú að ferðast í sumar?



Fanney Björg Sveinsdóttir
Já svo sannarlega, það jafnast ekkert á við að íslenskt sumar og njóta allra löngu daganna, helst sem mest úti við



Jóna Benný Kristjánsdóttir
Já innanlands, elta golfvelli.



Jakub Treder
Ég er nýkomin heim úr ferðalagi svo ég ætla að vera heima í sumar.



Sandra Björg Stefánsdóttir
Já bara innanlands



ORÐALEIT

VINUR
OSTAPOPP
LYKLAKIPPUHRINGUR
STRIGASKÓR
SAMHEITI
BANKABÓK
DJÖFULÓÐUR
DOBÍA
DOGG
DOPPLERHRIF

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænanstundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig.

Jesús segir:
Ei nekkurn býrst þá komi hann til mín og drekki.
Þá hjarta þess sem trau á sig munu renna.
Jesús lifandi vatn.

Almannatjálfari 1-10-11

Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



AUSTURLAND

SJÓN ER AÐ KOMA



VIÐ VERÐUM Í
SLYSAVARNARHÚSINU
HÖFN
ÞRIÐJUDAGINN 30. MAÍ
MIÐVIKUDAGINN 31. MAÍ
FRÁ 10:00-18:00

VIÐ VERÐUM Í
HÁRBANKANUM
REYÐARFIRÐI
FÖSTUDAGINN 2. JÚNÍ
FRÁ 10:00-18:00

sjón
gleraugnaverslun - Glæsibæ

ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ PANTA TÍMA
STRAX Í SJÓNMAELINGU
Í SÍMA 511-6699 EÐA 899-8801

35% AFSLÁTTUR FYRIR ALDRAÐA OG ÖRYRKJA
2 FYRIR 1 AF GLERAUGUM
ALLT NÁMSFÓLK FÆR 30% AFSLÁTT